

Íslandsmót í tækni 2011



Almennar upplýsingar

Ábyrgð:	Taekwondsamband Íslands (TKÍ)
Framkvæmd:	Ármann Taekwondo
Mótstjóri:	Írunn Ketilsdóttir (taekwondo@armenningar.is)
Mótsstaður:	Íþróttahús Ármanns í Laugardal, Engjavegi 7, 107 RVK
Móttssdagur:	29 október 2011
Tími:	kl: 11:00
Keppnisform:	Dregið og birt form fyrir 1. dan+ 24 okt. og 4.-1. kup 15. okt. og birt á vef TKÍ
Skráning:	Skráning þátttakenda fyrir miðnætti 22 október
Þáttökugjald:	2.500 kr. pr þátttakandi

Reglur:

Mótsfyrirkomulag fyrir lægri belti (5. kup – 9. kup) í fullorðinsflokkum og í barnaflokkum mun vera óbreytt frá því sem áður hefur verið, þ.e. keppendur velja sjálfir taeguek, mest tveimur taeguekum hærra og fjórum gráðum undir það belti sem keppandi ber, t.d. ef keppandi er með 5. kup má hann gera taeguek il jang - Chil jang

Mótsfyrirkomulag fyrir 4. kup og hærra í fullorðins- og barnaflokki breytast og líkjast meira reglum WTF. Skipt verður í tvo flokka, 4. – 1. kup og 1. dan og hærra. Dregið verður um hvaða taeguek/poomse þessir flokkar munu keppa í, og munu allur flokkurinn keppa í sama taeguek/poomse. Fyrir flokk 1 (4.-1. kup) mun verða dregin 2 form frá taeguek Sah-jang upp í poomse Koryo. Fyrir flokk 2 (1. dan+) verða dregin 2 form frá taeguek pal-jang upp í poomse Pyongwon. Formin verða dregin mánudag fyrir mót, niðurstöður verða birtar á vef TKÍ samdægurs.

Samhliða Íslandsmóttinu heldur Ármann barnamót fyrir iðkendur yngri en 12 ára.

Skráning og skráningarfrestur:

Hvert félag sendir mótshaldara útfyllt skráningarfrestur (sjá skráningarform á vefsíðu TKÍ). Hvert félag skal senda skráningu á taekwondo@armenningar.is og ganga frá greiðslu þáttökugjalda fyrir miðnætti 22 október.

Veitingar:

Veitingasala verður á mótssdag

Aðgangseyrir:

Ókeypis

Gisting:

Boðið er upp á gistingu í íþróttahúsi Ármanns frá fös-sun og kostar kr. 1.000 nóttin fyrir einstakling. Dýnur eru á staðnum og ísskápur en ekki eldunaraðstaða. Skráning á taekwondo@armenningar.is

Reikningsupplýsingar:

Tilgreinið nafn félags og sendið greiðslukvittun á taekwondo@armenningar.is

Reikn.: 0303-26-6305

Kt.: 630502-2840

Mótsreglur, flokkar og keppnisgreinar

Aldur keppenda gildir m.v. keppnisdag.. Keppendur eru á eigin ábyrgð. Keppnisgreinar eru 7.

Beltaflokkar:

A = 1 Dan+

B = 4–1 Kup

C = 7-5 kup

D = 9-8 kup

Allir þátttakendur gera a.m.k. 2 form. Fimm efstu í sínum flokki komast áfram í úrslit. Ef Hópur samanstefnur af fleiri en 20 þátttakendum verða 3 umferðir og komast þá 10 í undanúrslit og 5 af þeim komast í úrslit.

Í Flokki A og B gera þeir sem komast í úrslit 2 form en í flokki C og D er gert form í úrslitum.

Keppnisgreinar:

Einstaklings-flokkar		A	A	B	B	C	C	D	D
		KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK
		Dan	Dan	4–1 Kup	4–1 Kup	7-5 kup	7-5 kup	9-8 kup	9-8 kup
-12 ára									
12-15 ára									
16-18 ára									
18 ára+									

Mótsstjóri áskilur sér rétt til að sameina flokka (hvort sem um ræðir milli kynja, belta eða aldurs) sé flokkur minni en 6 keppendur.

Parakeppni	A	B
	4 kup - Dan	9-5 kup
-12 ára		
12-18 ára		
18 ára+		

Hópakeppni (MuYe)	A
Allur aldur	Öll belti

Í **MuYe** veður ekki skipt eftir kyni, aldri eða beltum. MuYe er **hópakeppni** og þarf hver hópur að vera að lágmarki 5 keppendur frá sama félagi. Hver keppnishópur má vera bland af börnum, unglíngum og fullorðnum og eru engin takmörk á fjölda (nema að lágmarki 5), brotefni eða hverju sem fólki dettur í hug. Hvert sýningaratriði þarf hinsvegar að vera að mestu tengt Taekwondo (að lágmarki 80%) en má vera bland af öðrum íþróttum eða öðru skemmtilegu. Keppendum er velkomid að vera með tónlist. Hópar eru hvattir til að vera með þema í sínu atriði og gefa atriðinu nafn en ekki þarf að skrá nafn eða þema við skráningu.

- A) Skemmtanagildi 40%
- B) Hugmyndafræði 40%
- C) Erfiðleiki, samsetning, aldursskipting, fjöldi 20%

Musicform	A
Allur aldur	Öll belti

Form má taka 1 mín. Keppandi útvegar sjálfur tónlist og skal skila tónlist á geisladisk við skráningu á mótssdag (fyrir kl 11). Formið verður að innihalda amk 80% TKD og 20% af öðru.

Show-brake	A
-15 ára	Öll belti
16 ára +	Öll belti

Brotakeppni má vera í anda show-brake og/eða power-brake og má keppandi velja brotefni. Brot hjá hverjum keppanda má ekki taka lengri tíma en 2 mín að uppstillingu meðtöldu.

Gefin verða mínusstig ef brottílaun mistekst og tílaunir fleiri en ein. Dæmt verður eftir eftirfarandi:

- A) Erfiðleiki (hversu flókin tækni) 40%
- B) Hugmyndafræði (einnig horft á brotefni) 40%
- C) Skemmtanagildi 20%

Speed-brake	A
-12 ára	Öll belti
12-15 ára	Öll belti
16-18 ára	Öll belti
18 ára+	Öll belti

Sá sigrar sem fer brautina á besta tímanum. Ef keppanda mistekst að brjóta í fyrstu tílaun bætast 5 sek. við heildartíma fyrir hvert umframbrot (tílaun). Brotefni er 30x30cm og misjafnt eftir flokkum (en verða auðveld í öllum flokkum). Flokkarnir eru 4:

-12 ára: Brautin verður skipuð þrautum og þurfa keppendur einnig að brjóta 2 spýtur. Brjóta á með (1) Me-Jumok og (2) Nereo-Chagi. Sjá skýringar á mynd bls. 4. Athugið að brotefni verður auðvelt og ættu allir krakkar á þessum aldri að geta brotið. Sjá skýringar á mynd bls. 5.

12-15 ára: Brautin verður skipuð þrautum og þurfa keppendur einnig að brjóta 4 spýtur frá marklínum. Brotið er með (1) Sonnal-bakat-chigi, (2) Dollyo-Chagi, (3) Gawi/Twio-Ap-Chagi og (4) Palkoop dollyo-chigi. Í broti nr. 3 (hopp-ap-chagi) er fjarlægðin miðuð við hæð hvers keppanda + sonnal-hönd. Sjá skýringar á mynd bls. 5.

16-18 ára og 18 ára+: Brautin verður ekki skipuð þrautum og þurfa keppendur einungis að brjóta. Brjóta þarf 5 spýtur með eftirfarandi tækni; (1) Sonnal-bakat-chigi, (2) Gawi/Twio -Ap-Chagi, (3) Jireugi (með hnefa/jumok), (4) Batang-Son-Teok-Chigi, (5) Monderup-Dollyo-Chagi (Nareban). Í broti nr. 2 (hopp-ap-chagi) er fjarlægðin miðuð við hæð hvers keppanda + sonnal-hönd á rönd. Sjá skýringar á mynd bls. 6.

þrautabraut	A
-12 ára	Öll belti
12-15 ára	Öll belti
16-18 ára	Öll belti
18 ára+	Öll belti

Keppt er um besta tímann ásamt því að þurfa að leysa ýmsar skemmtilegar þrautir.

Kynjaflokkar

Í para-, hópa, music- og brotakeppni skiptir kyn ekki máli. Skrá má tvær konur/karlmenn í parakeppni og má hópakeppni samanstanda af báðum kynjum og skiptir kynjahlutfall ekki máli.

Verðlaun

Veitt verða medalíur í öllum greinum og flokkum og bikar fyrir 1. sæti í öllum greinum og flokkum (bæði Íslandsmóttinu og barnamóttinu). Veitt verða verðlaun fyrir keppanda mótsins og félag mótsins, þá bæði Íslandsmóts og barnamóts.

Stigagjöf er eftirfarandi:

Félag mótsins	7 stig
Keppandi mótsins	7 stig
Gull	7 stig
Silfur	5 stig
Brons	3 stig

Keppnisgólf


Keppnisgólf verða tvö með TKD dýnum og verður auk þess 1 gólf til upphitunar og æfinga.

Dómaramál


Yfirdómari verður erlendur með alþjóðleg réttindi og verður haldið námskeið 27-28 okt fyrir dómara (nánar um það síðar). Dómara þarf frá öllum félögum sem taka þátt (önnur félög velkomin til þátttöku) mótshaldari sektar þau félög sem ekki skrá dómara til samræmis við skráningu. Mikilvægt er að við leggjum öll metnað í dómgæslu og stigagjöf komi frá mörgum áttum. Keppnisgólf verða 2 og því þarf að lágmarki 10 dómara.

Form


1 = Il jang	2 = Yi jang	3 = Sam jang	4 = Sah jang
5 = Oh jang	6 = Yook jang	7 = Chil jang	8 = Pal jang
9 = Koryo	10 = Keumgang	11 = Taebaek	12 = Pyongwon



Mynd 1 Keppnisgólf í *SPEED-BRAKE* barnaflokkur.



Mynd 2 Keppnisgólf í *SPEED-BRAKE* 12-15 ára.



Mynd 3 Keppnisgólf í *SPEED-BRAKE* fyrir 16-18 ára og 18 ára+